

Framlengt samkomulag milli Norðurlandanna um gagnkvæman, frjálsan aðgang að opinberum háskólum

Á Sumardaginn fyrsta undirrituðu menntamálaráðherrar Norður-landanna á fundi sínum í Bláa lóninu samkomulag um framlengingu til þriggja ára á samningi frá 1996 um gagnkvæman, frjálsan aðgang opinberum háskólum í löndunum. Samkomulagið gildir um alla þegna landanna fimm og sjálfstjórnarsvæðanna, Grænlands, Færeyja og Álandseyja.

Samningurinn fjallar um greiðslur fyrir hvern nemanda þessara sem fer á milli landa og myndast greiðsluskylda milli stærri ríkjanna fjögurra vegna hinna opinberu framlaga til háskólanna. Hins vegar njóta Ísland og sjálfstjórnarsvæðin gjaldfrjáls aðgangs fyrir þegna sína. Íslendingar hafa notið þess í ríki mæli í langan tíma og eru um 1200 Íslendingar við nám í Danmörku um þessar mundir. Samkomulagið snýst um opinberu framlögin til háskólanna en varðar ekki skólagjöld eða innritunargjöld sem hver háskóli kann að ákveða við inntöku nemenda.

Á myndinni eru frá vinstri: Bengt Östberg, aðstoðarráðherra menntamála í Svíþjóð, Eivind Heder Skrifstofustjóri í norsk menntamálaráðuneytinu, Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, Henna Virkunen menntamálaráðherra í Finnlandi og Bertil Haarder menntamálaráðherra Danmerkur.



Ný lög um náms- og starfsráðgjafa

[Ný lög um náms- og starfsráðgjafa](#) voru samþykkt á Alþingi 30. mars 2009. Þar er lögfest að einungis sá sem hefur lokið námi í náms- og starfsráðgjöf frá háskóla sem menntamálaráðuneytið samþykkir, hefur leyfi til að nota starfsheitið og veitir menntamálaráðherra slíkt leyfi að undangengnu mati sérstakrar matsnefndar. Í reglugerð verða sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna, m.a. reglur um skilyrði fyrir veitingu leyfis og hvernig staðið er að veitingu og afturköllun leyfis.

Sumarnám í háskólum

Í ljósi breyttra aðstæðna á vinnumarkaði ríkir mikil óvissa um atvinnumál stúdenta í sumar. Því kom upp sú krafa meðal nemenda að boðið yrði upp á sumarnám við háskóla landsins.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra taldi mikilvægt að forgangsraða í þágu menntunar og veita nemendum kost á að stunda nám yfir sumarið. Ríkisstjórnin ákvað að auka framlag til LÍN um 660 milljónir króna til að koma til móts við þarf stúdenta sem vilja stunda nám í sumar auk þess sem slegið væri á þann vanda sem steðjar að nemendum vegna bágs atvinnuástands.

Háskólanemum sem stunda áfram skipulagt nám sumarið 2009 verður gefinn kostur á láni frá LÍN til framfærslu og skólagjalda skv. gildandi úthlutunarreglum þar sem lánað verður til framfærslu fyrir allt að 20 ECTS einingum yfir sumarið. Þá munu háskólanir fá aukafjárveitingu til að standa straum af kostnaði við sumarnámið.

Háskólanir hafa brugðist við óskum um sumarnám, og bjóða upp á skipulagt nám til viðbótar því námi sem skólanir höfðu ráðgert að bjóða upp á.

Menntamálaráðherra heimsótti Hvolsskóla

Miðvikudaginn 15. apríl sl. heimsótti Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra Hvolsskóla á Hvolsvelli. [Hvolsskóli](#) hlaut Íslensku menntaverðlaunin árið 2008 fyrir vel unnið nýsköpunarstarf og farsælt fræðslustarf en það var í fjórða sinn sem forseti Íslands veitti þessi verðlaun.

Í Hvolsskóla hefur um langt skeið verið öflugt og farsælt skólastarf. Gildi Hvolsskóla felast m.a. í gagnkvæmri virðingu í samskiptum og lýðræðislegum ákvarðanatökum þar sem rík áhersla er lögð á að einstaklingurinn sé hafður í brennidepli. Með það að markmiði hefur hefðbundið bekkjakerfi vikið fyrir sveigjanlegum námshópum þar sem leitast er við að mæta hverjum nemanda sem best. Nemendum er einnig ætlað að tileinka sér sjálfsaga, sjálfsvirðingu og raunhæft sjálfsmat.



Frá árinu 2003 hefur [Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands](#) staðið myndarlega að því að efla hreyfingu og starfsanda á vinnustöðum með heilsu- og hvatningarátakinu "Hjólað í vinnuna". Megin markmið átaksins er að vekja athygli á hjólræiðum sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Allir þeir sem nýta eigin orku til að ferðast til og frá vinnu eru gjaldgengir þátttakendur það er hjóla, skokka, ganga, nota línuskauta og svo framvegis. Þeir sem taka strætó geta einnig tekið þátt en þá er skráð sú vegalengd sem gengin er til og frá stoppistöð.

Starfsmenn vinnustaða hér á landi hafa tekið vel við sér því þátttakan hefur margfaldast þau sex ár sem verkefnið hefur farið fram. Starfsfólk menntamálaráðuneytis hefur ávallt tekið þátt í þessu verkefni af miklum myndarskap og hvetur starfsfólk fyrirtækja og stofnana til þátttöku.

Hjólað í vinnuna mun fara fram dagana 6. – 26. maí 2009. Allar nánari upplýsingar eru aðgegnilegar á vefnum hjoladivinnuna.is

